


# Miðflokkurinn

Ársreikningur 2022 - samstæða



---

Miðflokkurinn  
Hamraborg 1  
200 Kópavogur  
Kt. 650609-1740

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun endurskoðanda.....	3-4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-13
Rafræn undirritun.....	14

# Skýrsla stjórnar

---

Samstæðuársreikningur Miðflokksins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjördæmafélög Miðflokksins eru fimm og mynda þrjú þeirra samstæðu með flokksskrifstofu Miðflokksins. Þau eru Miðflokksfélag Norðausturkjördæmis, Miðflokksfélag Suðurkjördæmis og Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis. Miðflokksfélag Norðvesturkjördæmis og Miðflokksfélag Reykjavíkur er fyrir utan samstæðu þar sem þau er undir stærðarmörkum sbr. skýringu nr. 1 í ársreikningi.

## Meginstarfsemi flokksins

Miðflokkurinn er flokkur með djúpar rætur á miðju stjórnmalanna. Flokkurinn hefur það markmið að veita og varðveita stöðugleika og standa vörð um hefðbundin grunnildir en um leið vera flokkur hugmyndaauðgi og framfara, samfélaginu öllu til heilla. Flokkur sem leitar til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði og styður góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma. Miðflokkurinn leitar ætíð að skynsamlegustu lausninni á hverju viðfangsefni á grundvelli rökhbyggju og rökræðu. Miðflokkurinn býður fram til Alþingis og sveitarstjórna.

## Starfsemin á árinu

Tap af rekstri Miðflokksins á árinu 2022 nam 1 millj. kr. samanborið við 41 millj. kr. tap árið á undan. Eignir Miðflokksins í árslok námu 95 millj. kr. og námu skuldir Miðflokksins 12 millj. kr. Eigið fé Miðflokksins í árslok var jákvætt sem nemur 83 millj. kr. Tveir starfsmenn störfuðu fyrir Miðflokkinn á árinu.

Það er álit stjórnar flokksins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu flokksins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun flokksins, komi fram í samstæðuársreikningnum.

Stjórn Miðflokksins staðfestir hér með samstæðuársreikning flokksins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. nóvember 2023

## Rafræn undirritun stjórnarmanna og framkvæmdastjóra er á bls. 14.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
Formaður

Hannes Karlsson  
Framkvæmdastjóri Miðflokksins

Bergþór Ólason  
Þingflokksformaður

Þorsteinn Sæmundsson  
Formaður fjármálaráðs

Ómar Már Jónsson  
Stjórnarmaður

Þorgrímur Sigmundsson  
Stjórnarmaður

Heiðbrá Ólafsdóttir  
Stjórnarmaður

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Miðflokksins

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Miðflokksins fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu flokksins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Miðflokknum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og samstæðuársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í samstæðuársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðflokksins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa flokkinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

# Aritun óháðs endurskoðanda - framhald

---

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits flokksins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi flokksins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 1. nóvember 2023

**Rafræn undirritun endurskoðanda er á bls. 14.**

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Samstæða		Flokksskrifstofa	
		2022	2021	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>					
Fjárframlög úr ríkissjóði.....	4.	46.606.000	86.251.907	46.606.000	86.251.907
Fjárframlög frá Alþingi.....	5.	5.138.458	9.546.875	5.138.458	9.546.875
Fjárframlög sveitarfélaga.....	6.	2.354.904	4.267.759	706.274	56.729
Fjárframlög lögaðila.....	7.	6.749.000	5.860.000	5.850.000	4.390.000
Fjárframlög einstaklinga.....	8.	1.382.166	1.589.644	600.000	50.000
Félagsgjöld.....	9.	1.780.663	1.270.951	1.242.000	1.270.951
Aðrar tekjur.....	10.	2.175.515	3.478.531	2.175.515	3.879.344
		<u>66.186.706</u>	<u>112.265.667</u>	<u>62.318.247</u>	<u>105.445.806</u>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Aðalskrifstofa.....	11.	51.069.002	62.506.450	51.979.007	63.731.162
Alþingiskosningar.....	12.	0	81.720.333	0	81.720.333
Kjördæma- og undirfélög.....	13.	13.286.946	7.098.761	0	0
Rekstur fasteigna.....	14.	2.792.206	1.547.356	2.792.206	1.547.356
		<u>67.148.154</u>	<u>152.872.900</u>	<u>54.771.213</u>	<u>146.998.851</u>
<b>Rekstrarafkoma (-tap)</b>		(961.448)	(40.607.233)	7.547.034	(41.553.045)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>					
Fjármunatekjur.....	15.	39.859	1.852	33.535	(633)
Fjármagnsgjöld.....		(359.567)	(366.798)	(150.807)	(336.348)
		<u>(319.708)</u>	<u>(364.946)</u>	<u>(117.272)</u>	<u>(336.981)</u>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>		<u>(1.281.156)</u>	<u>(40.972.179)</u>	<u>7.429.762</u>	<u>(41.890.026)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	Samstæða		Flokksskrifstofa	
		31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>					
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir:</i> 16.					
Fasteign.....		79.317.184	81.848.583	79.317.184	81.848.583
Innbú, áhöld og innréttingar.....		3.810.980	5.081.306	3.810.980	5.081.306
		<u>83.128.164</u>	<u>86.929.888</u>	<u>83.128.164</u>	<u>86.929.888</u>
<b>Fastafjármunir alls</b>		<u>83.128.164</u>	<u>86.929.888</u>	<u>83.128.164</u>	<u>86.929.888</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Viðskiptakröfur.....		5.273.493	1.977.535	5.128.205	1.837.683
Kröfur á kjördæmafélög.....		0	0	1.710.000	1.600.000
Aðrar skammtímakröfur.....		1.423.353	7.900	1.126.502	7.900
Handbært fé.....		5.109.373	12.334.575	2.482.859	2.498.091
		<u>11.806.219</u>	<u>14.320.010</u>	<u>10.447.566</u>	<u>5.943.674</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>94.934.383</u>	<u>101.249.898</u>	<u>93.575.730</u>	<u>92.873.562</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b> 17.					
Óráðstafað eigið fé.....		82.871.212	84.152.368	81.659.559	74.229.797
		<u>82.871.212</u>	<u>84.152.368</u>	<u>81.659.559</u>	<u>74.229.797</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir.....		6.870.498	16.859.631	6.870.498	16.859.631
Aðrar skammtímaskuldir.....		5.192.673	237.899	5.045.673	127.899
Skuldir við kjördæmafélög.....		0	0	0	1.656.235
		<u>12.063.171</u>	<u>17.097.530</u>	<u>11.916.171</u>	<u>18.643.765</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>12.063.171</u>	<u>17.097.530</u>	<u>11.916.171</u>	<u>18.643.765</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>94.934.383</u>	<u>101.249.898</u>	<u>93.575.730</u>	<u>92.873.562</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

Skýr.	Samstæða		Flokksskrifstofa	
	2022	2021	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):				
Rekstrarafkoma ársins.....	(1.281.156)	(40.972.179)	7.429.762	(41.890.026)
Afskriftir ársins.....	16. 3.801.725	3.801.726	3.801.725	3.801.725
	<u>2.520.569</u>	<u>(37.170.453)</u>	<u>11.231.487</u>	<u>(38.088.301)</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:				
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	(4.711.411)	328.072	(4.519.124)	(1.525.525)
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	<u>(5.034.359)</u>	<u>14.161.508</u>	<u>(6.727.594)</u>	<u>14.998.563</u>
	<u>(9.745.770)</u>	<u>14.489.580</u>	<u>(11.246.718)</u>	<u>13.473.038</u>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>	<u>(7.225.201)</u>	<u>(22.680.873)</u>	<u>(15.231)</u>	<u>(24.615.263)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Fasteignakaup.....	16. 0	(53.000.000)	0	(53.000.000)
Framkvæmdir við fasteign.....	0	(10.416.182)	0	(10.416.182)
Keypt áhöld og tæki.....	0	(6.351.632)	0	(6.351.632)
	<u>0</u>	<u>(69.767.814)</u>	<u>0</u>	<u>(69.767.814)</u>
<b>Lækkun á handbæru fé</b>	<u>(7.225.201)</u>	<u>(92.448.687)</u>	<u>(15.231)</u>	<u>(94.383.077)</u>
Handbært fé í ársbyrjun.....	12.334.575	104.783.262	2.498.091	96.881.167
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u>5.109.373</u>	<u>12.334.575</u>	<u>2.482.859</u>	<u>2.498.091</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Miðflokkurinn er flokkur með djúpar rætur á miðju stjórnmalanna. Flokkurinn hefur það markmið að veita og varðveita stöðugleika og standa vörð um hefðbundin grunngildi en um leið vera flokkur hugmyndaauðgi og framfara, samfélaginu öllu til heilla. Flokkur sem leitar til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði og styður góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma. Miðflokkurinn leitar ætíð að skynsamlegustu lausninni á hverju viðfangsefni á grundvelli rökhbyggju og rökræðu. Miðflokkurinn býður fram til Alþingis og sveitarstjórna.

Samstæðuársreikningur flokksins samanstendur af ársreikningi flokksins og eftirfarandi aðildarfélögum hans:

Miðflokksfélag Norðausturkjördæmis, kt: 480318-1100, Dalbrún 4, 700 Egilsstaðir  
Miðflokksfélag Suðurkjördæmis, kt: 650418-0850, Norðurvöllum 34, 230 Reykjanesbær  
Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis, kt: 560218-0520, Hamraborg 1, 200 Kópavogur

Eftirfarandi kjördæmisfélög og undirfélög eru ekki meðtalin í samstæðuársreikningi sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka en eru rekin og færð undir skrifstofu flokksins:

Miðflokksfélag Norðvesturkjördæmis, kt: 470918-1600, Garðabraut 26, 300 Akranes  
Miðflokksfélag Reykjavíkur, kt: 460318-1140, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Miðflokksins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Miðfloknum ber að gera samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir hann falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir, hvort sem þær eru skráðar eða ekki. Með samstæðureikningi í þessu sambandi er átt við reikningsskil, þar sem ársreikningar Miðflokksins og eininganna, sem undir hann falla, hafa verið sameinaðir í einn reikning.

Í samstæðureikningnum eru tekju- og gjaldaliðir og eigna- og skuldaliðir lagðir saman og er viðskiptum innan samstæðunnar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur stofnast. Mótteknir styrkir eru bókaðir í samræmi við útgáfuár reikninga.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu. Vaxtatekjur og gengismunur skammtímaverðbréfaeignar er færður á ávinnslutímabili óháð innlausn.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega

Afskriftir eru reiknaðar fram að niðurlagsverði eigna sem fastur árlegur hundruðshluti af stofnverði eða bókfærðu verði í ársbyrjun.

Fasteignir .....	3%
Áhöld og tæki .....	20%

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar eru þannig að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og veltubréfum með undirliggjandi innlánnum hjá fjármálafyrirtækjum.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til verðbótaútreiknings og vaxta.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að flokkurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og tengd gjöld

Laun og tengd gjöld tilheyra öll flokkskrifstofu og eru færð á meðal rekstrargjalda aðalskrifstofu og sundurliðast þannig:

	2022	2021
Laun.....	13.663.605	21.697.336
Launatengd gjöld.....	2.780.015	4.329.507
Áunnið orlof.....	380.209	(1.548.538)
Annar starfsmannakostnaður.....	196.220	54.357
	<u>17.020.049</u>	<u>24.532.662</u>

## 4. Fjárframlög úr ríkissjóði

	2022	2021
Fjárframlög úr ríkissjóði sbr. 3 gr. laga nr. 162/2006.....	<u>46.606.000</u>	<u>86.251.907</u>
	46.606.000	86.251.907

## Skýringar

### 5. Fjárframlög frá Alþingi

	2022	2021
Fjárframlög frá Alþingi sbr. 4 gr. laga nr. 162/2006.....	5.138.458	14.546.881
Laun greidd af Alþingi.....	0	(5.000.006)
	<u>5.138.458</u>	<u>9.546.875</u>

### 6. Fjárframlög sveitarfélaga

Fjárframlög frá sveitarfélögum, sbr. 5. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnálagasamtaka, sundurliðast þannig:

	2022	2021
Akureyrarbær.....	169.234	169.342
Akraneskaupstaður.....	61.457	56.729
Egilsstaðir, Fljótshálsa.....	143.451	178.686
Fjarðabyggð.....	70.019	168.045
Grindavík.....	368.404	305.109
Reykjanesbær.....	279.423	558.847
Árborg.....	215.000	107.500
Reykjavíkurborg.....	644.817	1.568.898
Garðabær.....	102.224	245.338
Hafnarfjarðarkaupstaður.....	0	395.200
Kópavogsbær.....	187.758	375.517
Mosfellsbær.....	113.117	138.548
	<u>2.354.904</u>	<u>4.267.759</u>

### 7. Fjárframlög lögaðila

Fjárframlög frá lögaðilum, sbr. 7. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnálagasamtaka, sundurliðast þannig:

	2022	2021
Þorbjörn hf. / kt: 420369-0429.....	550.000	550.000
Hvalur hf. / kt: 650169-6549.....	550.000	550.000
Arctic Fish ehf. / kt: 480711-0840.....	550.000	0
Mata hf. / kt: 620597-3099.....	0	550.000
Kvika banki hf. / kt: 540502-2930.....	500.000	500.000
Síldarvinnslan hf. / kt: 570269-7479.....	0	500.000
Einhamar Seafood ehf. / kt: 581202-3340.....	400.000	550.000
Skinney-Pinganes hf. / kt: 480169-2989.....	400.000	400.000
Brim hf. / kt: 541185-0389.....	400.000	0
Marco partners ehf. / kt: 560508-1150.....	400.000	0
Vinnslustöðin hf. / kt: 700269-3299.....	350.000	0
Samherji Ísland ehf. / kt: 440400-4340.....	350.000	0
Hraðfrystihúsið Gunnvör / kt: 630169-2249.....	350.000	0
Eskja hf / kt: 630169-4299.....	350.000	0
Fiskeldi Austfjarða hf. / kt: 520412-0930.....	0	0
Hraunsalir ehf. / kt: 561214-0850.....	0	300.000
Kaupfélag Skagfirðinga / kt: 680169-5009.....	200.000	300.000
Þórsnes ehf. / kt: 420369-0859.....	200.000	0
Hraðfrystihús Hellissands hf / kt: 630169-6829.....	200.000	0
Samherji Ísland ehf. / kt: 440400-4340 / framlag til kjördæmafélags.....	200.000	0
Vísir hf. / kt: 701181-0779 / framlag til kjördæmafélags.....	200.000	0
Vísir hf. / kt: 701181-0779.....	0	250.000
Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðsfirði / kt: 581201-2650.....	0	200.000
Maron ehf. / kt: 460303-2140.....	0	160.000
Ljósvirki ehf. / kt: 711298-2909.....	0	150.000
KEA svf. / kt: 680169-2769 / framlag til kjördæmafélags.....	100.000	300.000
flutt á næstu síðu:	<u>6.250.000</u>	<u>5.260.000</u>

## Skýringar

### 7. Fjárframlög lögaðila (framhald)

	flutt af fyrri síðu:		
		<u>6.250.000</u>	<u>5.260.000</u>
Fjarðakaup ehf. / kt: 650398-3359.....	100.000		0
Þorbjörn hf. / kt: 420369-0429 / framlag til kjördæmafélags.....	100.000		0
Jón og Margeir ehf / kt: 680807-2130 / framlag til kjördæmafélags.....	100.000		0
SS Byggir ehf / kt: 620687-2519.....	0		100.000
Skútaberg ehf. / kt: 510108-0350.....	0		100.000
Góa-Linda sælgætisgerð ehf. / kt: 410168-0229.....	0		100.000
KFC ehf. / kt: 540198-3149.....	0		100.000
Gosi Trésmiðja ehf / kt. 631299-2459 / framlag til kjördæmafélags.....	99.000		0
Einhamar Seafood ehf. / kt: 581202-3340 / framlag til kjördæmafélags.....	0		60.000
Höldur ehf. / kt: 651174-0239 / framlag til kjördæmafélags.....	50.000		0
Kjarnafæði - Norðlenska hf. / kt: 581289-1899 / framlag til kjördæmafélags.....	50.000		0
Kjarnafæði - Norðlenska hf. / kt: 581289-1899.....	0		50.000
Málaraverktakar ehf. / kt: 430602-3490.....	0		50.000
Högni ehf. / kt: 610607-1520.....	0		40.000
	<u>6.749.000</u>	<u>5.860.000</u>	

### 8. Fjárframlög einstaklinga

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 162/2006 ber að tilgreina sérstaklega þá einstaklinga sem veitt hafa framlög til flokksins sem eru metin á meira en 300 þús. kr. Enginn einstaklingur styrkti flokkinn umfram téd fjárhæðarmörk á árinu 2022.

### 9. Félagsgjöld

	2022	2021
Félagsgjöld undir 100 þús. kr.....	<u>1.780.663</u>	<u>1.270.951</u>
	<u>1.780.663</u>	<u>1.270.951</u>

### 10. Aðrar tekjur

	2022	2021
Aðrar rekstrartekjur, miðasölutekjur og viðburðir.....	<u>957.267</u>	<u>2.378.531</u>
Húsaleigutekjur.....	<u>1.218.248</u>	<u>1.100.000</u>
	<u>2.175.515</u>	<u>3.478.531</u>

### 11. Aðalskrifstofa

	2022	2021
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	<u>22.279.428</u>	<u>29.002.815</u>
Aðkeypt þjónusta.....	<u>2.089.200</u>	<u>12.465.389</u>
Auglýsingar.....	<u>13.895.152</u>	<u>5.693.371</u>
Húsnæðiskostnaður.....	<u>1.018.308</u>	<u>486.904</u>
Funda- og ferðakostnaður.....	<u>3.559.900</u>	<u>5.795.376</u>
Endurskoðun og uppgjör.....	<u>4.248.924</u>	<u>4.772.019</u>
Lögfræðikostnaður.....	<u>166.758</u>	<u>163.155</u>
Önnur rekstrargjöld.....	<u>9.607</u>	<u>325.695</u>
Fyrning ársins.....	<u>3.801.725</u>	<u>3.801.726</u>
	<u>51.069.002</u>	<u>62.506.450</u>

# Skýringar

## 12. Alþingiskosningar

	2022	2021
Aðkeypt þjónusta.....	0	32.140.144
Auglýsingar.....	0	43.801.051
Fundarkostnaður, viðburðir.....	0	4.205.888
Pappír, prentun og ritföng.....	0	869.862
Burðargjöld.....	0	473.262
Húsaleiga.....	0	230.126
	<u>0</u>	<u>81.720.333</u>

## 13. Kjördæma- og undirfélög

	2022	2021
Aðkeypt þjónusta.....	0	1.797.748
Auglýsingar.....	5.702.404	2.740.173
Húsnæðiskostnaður.....	264.411	10.000
Funda- og ferðakostnaður.....	1.075.231	662.135
Kosningaskrifstofur.....	5.563.075	565.680
Önnur rekstrargjöld.....	681.825	1.323.025
	<u>13.286.946</u>	<u>7.098.761</u>

## 14. Rekstur fasteigna

	2022	2021
Fasteignagjöld.....	1.092.921	911.043
Sameign.....	392.062	552.900
Hiti.....	114.763	30.105
Viðhald.....	1.145.876	23.680
Annar kostnaður.....	0	16.278
Rafmagn.....	46.584	13.350
	<u>2.792.206</u>	<u>1.547.356</u>

## 15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	Samstæða	
	2022	2021
<b>Fjármunatekjur</b>		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	49.214	523.716
Fjármagnstekjuskattur.....	(9.355)	(521.864)
	<u>39.859</u>	<u>1.852</u>
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Önnur vaxtagjöld.....	359.567	366.798
	<u>359.567</u>	<u>366.798</u>

## Skýringar

### 16. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Kostnaðarverð	Flokkskrifstofa		
	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Staða 01.01.2021.....	73.963.800	0	73.963.800
Keypt á árinu 2021.....	10.416.182	6.351.632	16.767.814
Afskriftir 2021.....	(2.531.399)	(1.270.326)	(3.801.726)
Staða 31.12.2021.....	81.848.583	5.081.306	86.929.888
Staða 01.01.22.....	81.848.583	5.081.306	86.929.889
Afskrifað á árinu 2022.....	(2.531.399)	(1.270.326)	(3.801.725)
Staða 31.12.22.....	79.317.184	3.810.980	83.128.164
Fasteignamat, Hamraborg 1, 206-1186.....			65.950.000
Brunabótamat, Hamraborg 1, 206-1186.....			98.500.000
Vátryggingarverðmæti, Hamraborg 1, 206-1186.....			92.998.000

### 17. Eigið fé

Eigið fé samstæðunnar var jákvætt um kr. 82.871.212 í árslok 2022.

	Samstæða	Flokkskrifstofa
Eigið fé í ársbyrjun 2021.....	125.124.547	116.119.823
Rekstrarhalli ársins.....	(40.972.179)	(41.890.026)
Eigið fé í árslok 2021.....	84.152.368	74.229.797
Hagnaður (-tap) ársins.....	(1.281.156)	7.429.762
Eigið fé í árslok 2022.....	82.871.212	81.659.559

### 18. Þriggja ára yfirlit

	Flokkskrifstofa		
	2022	2021	2020
Rekstrartekjur.....	62.318.247	105.445.806	105.271.186
Rekstrargjöld.....	(54.771.213)	(146.998.851)	(68.356.623)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði.....	7.547.034	(41.553.045)	36.914.563
Fjármagnsliðir.....	(117.272)	(336.981)	2.142.366
Rekstrarafkoma ársins.....	7.429.762	(41.890.026)	39.056.929

	Samstæða		
	2022	2021	2020
Rekstrartekjur.....	66.186.706	112.265.667	110.878.410
Rekstrargjöld.....	(67.148.154)	(152.872.900)	(69.335.677)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði.....	(961.448)	(40.607.233)	41.542.733
Fjármagnsliðir.....	(319.708)	(364.946)	2.135.708
Rekstrarafkoma ársins.....	(1.281.156)	(40.972.179)	43.678.441

## Rafræn undirritun

---